



Hestamannafélagið Glaður

Aðalfundur 12. apríl 2007

Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:

Aðalfundur Hestamannafélagsins Glaðs haldinn í Dalabúð 12. apríl 2007.

Í upphafi fundar voru 12 félagsmenn mættir.

Formaður setti fund kl. 20:40 og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

1. Formaður lagði til að Guðbjörn Guðmundsson yrði fundarstjóri og Þórður Ingólfsson fundarritari og var það samþykkt. Tók Guðbjörn við stjórn fundarins.
2. Skýrsla stjórnar. Formaður fékk orðið og byrjaði á að minnst tveggja látinna félaga sem báðir höfðu verið heiðursfélagar en það voru þeir Eyjólfur Jónsson á Sámstöðum og Magnús Jósefsson á Fremri-Hrafnabjörgum. Stóðu fundarmenn upp og vottuðu með því þessum látnu félögum virðingu sína. Formaður sagði þessu næst frá því helsta úr starfinu á síðastliðnu ári. Hann minntist m.a. á umsókn félagsins um styrk til reiðhallaþbyggingar, nýja reiðvöllinn, mótahald, skemmtiferð, árshátíð, val á knapa ársins og margt fleira. Þórður fékk orðið og greindi frá breytingum á félagatali. 2 eru látnir og 12 hættir. 32 hafa gengið í félagið sem nú telur 165 félaga. Fundurinn fagnaði nýjum félögum með lófataki.
3. Gjaldkeri lagði fram reikninga félagsins fyrir árið 2006 og skýrði þá. Útgjöld voru samtalskr. 3.404.325 og tekjur samtals kr. 2.078.532, reksturinn var því neikvæður upp á kr. 1.325.793. Eignir eru samtals kr. 10.906.694.
4. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga. Sigurður Jökulsson spurði hvort til greina kæmi að félagið væri rekið sem virðisaukaskattskyld starfsemi og var því svarað að sú leið væri ekki fær. Bryndís Karlsdóttir benti á að eðlilegt hefði verið að færa styrk frá Dalabyggð í sundurliðun vegna reiðvallar.
5. Reikningar félagsins fyrir árið 2006 voru þá bornir upp og samþykktir samhljóða.
6. Tillaga að lagabreytingu. Formaður bar upp tillögu að breytingu á 8. grein laga félagsins: Í stað „Hann skal haldinn í apríl eða maí ár hvert...“ komi : „Hann skal haldinn fyrir 15. apríl ár hvert...“. Tillagan var samþykkt samhljóða.
7. Kosningar skv. 6. grein.
 - Valberg Sigfússon var endurkjörinn gjaldkeri til 3 ára og Halldór Gunnarsson varamaður hans.
 - Þórður Ingólfsson var endurkjörinn ritari til 3 ára og Rúnar Jónsson varamaður hans.
 - Gísli S. Þórðarson kjörinn skoðunarmaður reikninga til 2 ára.
 - Vísað til stjórnar að kjósa fulltrúa á sambandsþing UDN.

8. Kosning nefnda. Þessar nefndir voru kjörnar:

Tölvu- og tækninefnd:	Þórður Ingólfsson, formaður Herdís Gunnarsdóttir Svala Svavarsdóttir Ásgeir S. Jónsson
Mótanefnd:	Viðar Þór Ólafsson, formaður Einar Jón Geirsson Ingibjörg Eyþórsdóttir Málfríður Mjöll Finnsdóttir Halldór Gunnarsson
Fræðslunefnd:	Margrét Guðbjartsdóttir, formaður Unnsteinn Kr. Hermannsson Stefán Hrannar Dal Valberg Sigfússon
Reiðveganefnd:	Guðbjörn Guðmundsson, formaður Kári Lárusson Ólafur Guðjónsson
Skemmtinefnd:	Jóhanna Sigrún Árnadóttir, formaður Sigurður Hrafn Jökulsson Skjöldur Orri Skjaldarson

Fundurinn samþykkti að Vallarnefnd verði lögð niður.

9. Ákvörðun árgjalds. Valberg fékk orðið og færði rök fyrir því að árgjaldið yrði hækkað nokkuð. Lagði hann til að árgjald yrði 4.000 krónur fullt gjald en unglingar greiði 1.500 krónur (13-16 ára). Tillagan var samþykkt samhljóða. Fram kom sú hugmynd hvort bjóða ætti fjölskylduafslátt og var því vísað til stjórnar að skoða það en líklega þarf til þess lagabreytingu.
10. Reiðhallarmálið. Valberg greindi frá stöðu mála, m.a. þeim vonbrigðum að fá ekki úthlutað nema 5 milljónum kr. úr ríkissjóði. Stjórn hefur skoðað hvaða leiðir séu færar og hefur fengið tilboð í hús 24 x 47 m sem mun kosta um 25 milljónir uppkomið. Óskað hefur verið eftir því að Dalabyggð styrki framkvæmdina um 15 milljónir. Umræður urðu um málið.
Eftirfarandi tillaga borin upp af stjórn: „Aðalfundur Hestamannafélagsins Glaðs haldinn í Dalabúð 12. apríl 2007 veitir stjórn félagsins umboð til að stofna hlutafélag í þeim tilgangi að byggja reiðhöll á svæði félagsins. Stjórn Glaðs er jafnframt heimilt að taka lán og selja hluti í félaginu til fjármögnunar verkefnisins.“ Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.
11. Önnur mál.
- a) Sigurður Jökulsson fékk orðið og sagði frá LH-þinginu sem haldið var í Borgarnesi í október 2006. Hann nefndi m.a. að það ánægjulega hefði gerst á þinginu að Eyþór Jón Gíslason, formaður Glaðs hefði verið kosinn inn í varastjórn LH.
- b) Eyþór greindi frá lokauppgjöri fyrir Fjórðungsmótið 2005. Heildarhagnaður varð kr. 1.686.786 sem skiptist á milli þeirra þriggja félaga sem stóðu að mótinu.

- c) Fundurinn fól stjórn Glaðs að útnefna einvald félagsins á Bikarmóti Vesturlands 2007. Fram kom að ekki er búið að ákveða hvar eða hvenær mótið verður haldið.
- d) Sigurður Jökulsson talaði fyrir hönd Hrossaræktarsambands Dalamanna um stóðhesta þá sem verða til notkunar í sumar á vegum sambandsins.

Ekki voru fleiri mál rædd. Guðbjörn gaf Eyþóri orðið sem sleit fundi kl. 23:10.

Þórður Ingólfsson, fundarritari (sign)
Guðbjörn Guðmundsson, fundarstjóri (sign)
Eyþór J. Gíslason, formaður (sign)